

Sveitarstjórn Flóahrepps
Þingborg
800 Selfossi

Vorsabæjarhjáleiga 25. apríl 2017

Erindi: Vegna skólavistunar

Ég undirrituð á tvö börn sem eru að byrja sína fyrstu grunnskólagöng næstkomandi haust við Flóaskóla. Við skólann er rekin skólavistun sem hefur undanfarin ár verið opin frá því skólinn byrjar á hautin og þar til skólinn er búin á vorin.

Á fundi Fræðslunefndar Flóahrepps þann 17. apríl sl. var m.a. rætt um skólavistunina, undirrituð situr í fræðslunefnd, með bréfi þessu vill undirrituð áréttta við sveitarstjórn sem var m.a. bókað undir þeim lið:


./../ „Einnig beinir fræðslunefnd því til sveitarstjórnar að skoða hvort skólavistun verði opin fyrr á haustinn og lengur á vorinn til að koma til móts við foreldra sem eru í vinnu fjarri heimili.“

Ástæða þess að undirrituð vil áréttta þessa bókun og óska eftir við sveitarstjórn að skoða þessi mál eru m.a. vegna þess að í sveitarfélaginu eru meira og meira um það að fólk sé í vinnu fjarri heimili sínu. Þar að leiðandi er meiri þörf fyrir foreldrar að hafa kost á að geta komið börnum sínum (yngri) í afþreyingu og vistun á meðan vinnutími foreldra er. Meðaltími sumarfrís hjá fólki sem vinnur fjarri heimli 5-6 vikur, fer aðeins eftir aldri viðkomandi. Sumir standa einnig frammi fyrir því að vinnuveitandi getur ekki orðið við óskum allra starfsmanna þegar þeir óska eftir því fríi sem þeir vilja eða geta ekki tekið sumarfrí sitt í heilu lagi.

Ef fólk vill og hefur tækifæri til taka meira sumarfrí er það launalaust leyfi sem skerðir að sjálfsögðu laun viðkomandi og framfærslutekjur fyrir heimilið. Svo má ekki gleyma að það eru ekki allir vinnuveitendur sem geta gefið fólki kost á að taka launalaust leyfi. Ég geri mér fulla grein fyrir að það er ekki hægt að koma til móts við foreldra að dekkja allt sumarfrí en í mörgum sveitarfélögum þar sem skólavistun er starfrækt (frá 1.-3/4 bekk) þá opnar vistunin fljótlega í ágúst eða eftir verslunarmannahelgi og er starfrækt fram til miðjan júní en þá taka of við sumarnámseið sem sveitarfélögin standa fyrir eða ungmennafélög og æskilýsvettvangur sveitarfélagsins.

Það er ekkert launungamál að ég undirrituð er að leggja áherslu á þetta vegna aðstæðna minna, ég stend í þeim sporum, sem einstæð móðir, að þurfa að brúa bilið nk. sumar frá því leikskólinn fer í frí í byrjun júlí fram til 22. ágúst þegar skólinn byrjar. Þegar börnin mín fara í 2. bekk er bilið en lengra sem ég þarf að brúa eða frá byrjun júní fram yfir miðjan ágúst. Ég er komin í þann „klassa“ að eiga rétt á 6 vikna sumarfrí. Það sem er af þessum vetri er ég búin að taka mér 5 daga frí af mínu sumarfrí bara vegna starfsdaga og starfsmannafunda í leikskólanum, fyrir utan nokkra daga í viðbót sem eru á mínum forsendum. Þegar þetta er ritað er a.m.k. einn frídagur eftir í leikskólanum. Þannig nk. sumar á ég rétt frá mínum vinnuveitanda rúmar 4 vikur í leyfi á launum, sem ég þarf að tvískipta annars vegar í júní og hinsvegar í júlí, vegna þess að vinnuveitandi minn getur ekki tryggt öllum frí á sama tíma. Ég veit að ég ber fulla ábyrgð að eiga mín börn og sem betur fer á ég alveg góða í kringum mig, þrátt fyrir það er ég í vandræðum. Hvað þá þeir sem eiga ekki gott bakland.

Þannig að með þessu bréfi vil ég skora á sveitarstjórn að hún beyti sér fyrir því að kannað verði hjá þeim foreldrum sem eiga börn í Flóaskóla og þeirra sem eiga börn á síðasta ári í leikskólanum Krakkaborg hvort þörf sé á að skólavistun opni fyrr á hautin og loki seinna á vorin. Í mörgum sveitarfélögum er skólavistun að opna fljótlega eftir verslunarmannahelgi og lokar í kringum miðjan júní.


Anný Ingimarsdóttir